

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 24/1915.

Sigurjón Gíslason  
og Hallgrímur Bóasson  
gegn  
Rolf Johansen.

D ó m u r :

Mál þetta höfðu áfrýjendurnir Sigurjón Gíslason og Hallgrímur Bóasson fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Rolf Johansen kaupmanni á Búðareyri í Reyðarfirði til þess að fá hann dæmdan til að hætta við að gera uppfyllingu í fjörunni fyrir framan lóð hans á Búðareyri. Var málið dæmt í nefndum rétti 17. júní f. á. þannig, að stefndur var sýknaður af öllum kærum og kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. marz þ. á. og hafa þeir krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að hætta við mannvirki þau, er hann hefir byrjað á í fjörunni og til að taka þau burtu; svo krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir hinsvegar krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til málskostnaðargreiðslu eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 20. apríl 1898 gerðu þeir Bóas Bóasson, Gísli Nikulásson, Fr. Wathne og Carl D. Tulinius samning um að kaupa í félagi eit; hundrað að fornu

mati úr jörðinni Bakkagerði, sem, að því er samningurinn ber með sér, átti að selja sama dag á opinberu uppboði, og er tekið fram að samningsaðilar, að uppboðinu loknu, skifti hundraðinu þannig á milli sín, að Fr. Wathne og Carl D. Tulinius fái hver sin grunnstykki til eignar, eins og þeir nú hafa þau til afnota, en það sem eftir varð af hundraðinu átti að skiftast til helminga milli þeirra Bóasar og Gísla, og ennfremur skyldu þeir hafa landshlut af öllu hundraðinu. Með bréfi dags. 28. nóvbr. 1898 afsala þeir Bóas og Gíslu, samkvæmt nefndum samningi, Fr. Wathne grunn þann úr Bakkagerðislandi, »sem hann hefir byggingar á og notar« með nánar tilteknum lóðarmörkum, en lóðarmörkin eru þannig ákveðin í afsalsbréfinu, að »grunnurinn takmarkast að innanverðu af grunni kaupmanns Carl D. Tulinius á Eskifirði, og er innri hlið hans 70 faðmar til fjalls frá sjó, að ofan ræður lína 43 faðma löng, parallel með firðinum og frá ytri enda þessarar línu ofan í sjó, þannig, að hliðin meðfram sjónum er 52 faðmar á lengd«.

Halda áfrýjendur því fram, að merkjalínur þessar sýni það glögt, þegar þær eru mældar upp, að lóðin nái aðeins að stórstraumsflóðfari, en af því leiði, að fjaran fyrir framan lóðina, sem stefndi nú hefir tekið að fylla upp, sé lóðinni með öllu óviðkomandi, og hafi stefndi, sem eigandi að umræddri lóð, enga heimild til að gera nokkur mannvirki á henni. Stefndi kannast við það, að marklínur þær, sem til eru teknar í afsalsbréfinu, séu allar á þurru landi, en hann heldur því fram, að línan meðfram

sjónum hafi alls ekki átt að takmarka lóðina sjávarmegin, heldur hafi hún verið mæld til þess að ákveða merkin á lóðinni við sjóinn að utan, og hafi altaf verið litið svo á af öllum hlutaðeigendum, að fjaran framundan lóðinni fylgdi henni, enda hefði Friðrik Wathne notað fjöruna til að setja þar hafskipabryggju og til annara verzlunarafnota.

Það verður nú að lita svo á, að það hafi verið tilætlunin með afsalsbréfinu frá 28. nóv. 1898, sem byggist á samningnum frá 20. apríl s. á., að afsala Fr. Wathne þá lóð eða lóðarréttindi, er hann hafði áður notað, og að það hafi ekki verið tilætlunin að minka lóðina eða lóðarréttindin með lóðarmörkum þeim, sem til er tekin í bréfinu, en nú er það viðurkent að Fr. Wathne hafði, áður en nefnt afsalsbréf var útgefið, látið gera hafskipabryggju framundan lóð sinni, og var hafskipabryggjan tengd við land, lóð stefnda, með trébryggju. Þessa hafskipabryggju hefir fyrst Fr. Wathne og síðan stefndi notað átölulaust af hálfu eigenda Bakkagerðis. Svo er því og mót-mælalaust haldið fram, af stefnda hálfu, að fjaran hafi verið notuð til bátauppsáturs og annara verzlunar afnota. Þessi afnot fjörunnar virðast benda til þess, að fjaran hafi frá upphafi verið skoðuð eign lóðareiganda, og þetta styrkist enn fremur við það, að í umgetnu afsalsbréfi er sérstaklega tekið fram, að lóðin sé seld Fr. Wathne með öllum þeim rétti, er þeir, seljendurnir, áður höfðu yfir henni, »nema hvað landshlutur af síld og ufsa, veiddum fyrir grunninum, fellur til okkar«, eigenda Bakkagerðis. Því ef fjaran hefði verið eign Bakkagerðiseigenda

hefði verið óþarfi að undantaka landshlutinn, og auk þess hefði það verið óskiljanlegt, úr því farið var að undantaka landshlutinn, að fjaran var ekki jafnframt nefnd, ef hún hefði átt að vera undantekin eign eða umráðum lóðareigandans, og var þó því frekar ástæða til þess, þar sem lóðareigandinn hafði látið gera bryggju út í sjó framundan lóðinni.

Samkvæmt framansögðu verður landsyfirdómurinn að fallast á niðurstöðu þá, er héraðsdómarinn hefir komist að, að stefnda sé heimilt að halda áfram mannvirkjum þeim, er hann hefir byrjað á í umræddri fjöru, og þar sem og verður að fallast á ákvæði undirdómarans um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessari niðurstöðu ber áfrýjendunum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Sigurjón Gíslason og Hallgrímur Bóasson greiði in solidum stefnda, Rolf Johansen, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.